

MYNL3FM05

Búið til: Tue, 05 Jun 2012 10:22:29 GMT

Titill

Áræðni, ímyndunarafl og túlkun

Skammstöfun

MYNL3FM05

Útgáfunúmer

1

Námsgrein

myndlist

Viðfangsefni

frjáls málun

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

3

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Áræðni, ímyndunarafl og túlkun. Í áfanganum eiga nemendur að geta sýnt frumkvæði og skapandi nálgun í verkefnum sínum og beitt viðeigandi aðferðum við útfærslu verka. Áfanginn byggir á þeim grunni sem nemendur hafa aflað sér í teikningu og meðferð olíulita. Námið byggir á fjölbreyttum verkefnum þar sem mikil áhersla er lögð á persónulega túlkun í meðferð lita og myndefnis. Kennslan er einstaklingsbundin og miðar að því að gera nemendur tilbúna til að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni. Nemendur kynnst helstu efnum sem notuð eru við olíumálun auk þess sem aðrir miðlar og efni verða skoðuð. Áhersla verður lögð á að nemendur nýti sér teiknikunnáttu sína á skapandi hátt og verður markvisst farið í æfingar sem losa um sköpunargáfuna auk þess að styðja við formskyn og myndbyggingu. Farið verður ítarlegar í blöndun lita og hagnýtingu litasamsetningar á markvissann hátt. Mikil áhersla verður lögð á að nemandi geti þróað eigin hugmynd og útfært í málverk.

Forkröfur

A.m.k. 10 einingar á 2. þrepi

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- faggrein sinni
- miðlun sköpunar sinnar
- samfélagslegu hlutverki myndlistar
- meðferð og túlkun á litum
- skapandi teikningu
- hugmyndavinnu
- gildi þess að tjá sig um eigin sköpun og sýna
- vinnuumhverfi, vinnutækjum og áhöldum sinnar listgreinar og meðferð þeirra
- leiðum til að miðla þekkingu á fagsviði sínu á fjölbreytilegan hátt

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nýta sértæka þjálfun sína í líkamsbeitingu, tækni, verklagi, skapandi aðferðum og túlkun í sinni listgrein
- skipuleggja verkferli í listgrein sinni með ábyrgum og sjálfstæðum hætti

- sýna frumkvæði og skapandi nálgun í listgrein sinni og beitt viðeigandi aðferðum við útfærslu verka
- tjá sig á skýran, ábyrgan, gagnrýninn og skapandi hátt um eigin verkferli og listrænar niðurstöður
- beita mismunandi miðlunarleiða í sinni listgrein af öryggi og geti valið viðeigandi leið með tilliti til verkefna og aðstæðna hverju sinni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hagnýta þá sérhæfðu þekkingu, leikni, aðferðir og verkkunnáttu sem hann hefur aflað sér ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- öðlast sjálfstraust og sjálfstæði í þróun hugmynda og sýna áræðni við útfærslu þeirra og túlkun ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- nota ímyndunarafl, innsæi og tilfinningar við sköpun ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- gera sér grein fyrir fagurfræðilegu, siðferðilegu og samfélagslegu hlutverki listamannsins ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- greina, tjá sig um og meta eigin verk og annara af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi ...sem er metið með... umræðu
- öðlast hæfni til að meta listrænan styrk sinn og komi auga á hagnýtingu menntunar sinnar ...sem er metið með... sjálfsmati, umræðum, verklegum æfingum og skriflega
- geta staðið að opinberri sýningu/tónleikum/viðburði og miðlað þar listrænum styrk sínum ...sem er metið með... framkvæmd sýningar og umræðum
- þróa með sér aga, metnað, ábyrgð og jákvæðni í vinnubrögðum ...sem er metið með... umræðum, verklegum æfingum og skriflega

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft símat alla önnina og lögð er áhersla á vinnusemi, sköpun og áræði. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar

Fyrirmynd